

Vísindin snerta þig

Maki: Katrín Elvarsdóttir myndlistamaður

Fjöldi afkomenda: 0

Bíll eða hjól: Einhver vistvænn bíll

Skemmtilegast að gera: Rannsaka, skrifa, smíða hugbúnað, læra, horfa á kvikmyndir.

Leiðinlegast að gera: Þrífá.

Svaladrykkur nr. 1: Íslenskt kranavatn.

Besti matur sem þú hefur borðað: Humar.

Uppáhalds land: Hmm... það er svo margt sem mætti laga í þeim löndunum sem ég hef búið.

Svalasta borgin: New York.

Flottasti sjónvarpsþátturinn: Little Britain um þessar mundir.

Íþrótt sem þú hefur studað: Veggjabolti og róður, til heilsubótar (sjá næsta svar)

Besta íþróttafélagið: Horfi aldrei á íþróttir!

Kaffihús sem þér líður best á: Súfistinn á Laugavegi, Kaffítár í Bankastræti.

Bíómynd sem hefur fengið þig til að hugsa: 2001: A Space Odyssey

Áhugaverðasta bókinn: Mind Children eftir Hans Moravec.

Besti veitingastaðurinn: Spice og Nobu í New York. En ég vil prufa eitthvað nýtt sem oftast.

Flottasta vefsíðan: <http://www.mindmakers.org>

Hvaða þrjá hluti myndurðu taka með þér eyðieyju? Katrínu, Makkan og eina sólarrafhlöðu.

Ég er stoltast af: Reikna fastlega með að það sé í framtíðinni.

Þegar ég var lítill vildi ég verða: Smiður.

Eru vísindamenn svalir: Já. Ekkert er svalara en að finna upp framtíðina.

Svalir vísindamenn

Helstu verkefni Kristins eru rannsóknir og þróun gerfigreindarhugbúnaðar

Dr. Kristinn R. Þórisson er fæddur árið 1964 og alinn upp á ýmsum stöðum á Íslandi, og að hluta til í Noregi. Á yngri árum lagði hann stund á sálfræðinám og notendaviðmótshönnun, og vann meðal annars hjá NASA við að þróa fjarstýrða þjarka. Frá árinu 1990 hefur hann stundað rannsóknir og þróun á gervigreindarhugbúnaði. Hann útskrifaðist árið 1996 með doktorspróf frá MIT í Bandaríkjunum og starfaði um sinn hjá LEGO við að setja á laggirnar hugbúnaðarþróunarvæðing, þar sem hann stjórnaði rannsóknum sem snérist um að tengja saman tölvugrafík og gervigreind. Frá LEGO lá leiðin til British Telecom þar sem Kristinn aðstoðaði við að endurskipuleggja allar rannsóknir og rannsóknarhópa í 1000 manna rannsóknarsetri fyrirtækisins. Árið 1999 bauðst honum staða í bandarísku sprotafyrirtæki sem vann að þróun gervigreindra sölumanna fyrir netverslanir. Síðastliðið sumar tók Kristinn við stöðu lektors við Háskólann í Reykjavík og hefur þar nýlega sett á laggirnar gervigreindarsetur í samstarfi við dr. Yngva Björnsson. Þeir eru nú á höttunum eftir ungu og efnilegu fólki í rannsóknarvinnu á ýmsum sviðum gervigreindar.

Verkefnið „Vísindin snerta þig“ er samstarfsverkefni Rannís við fjölmarga aðila og styrkt af mannaútsáætlun Evrópusambandsins. Markmið þess er að vekja áhuga ungs fólks á vísindum og sýna með einföldum og lifandi hætti hvernig vísindin snerta daglegt líf okkar. Frá júní til nóvember verður boðið upp á fjölbreytta og forvitnilega dagskrá með ýmsum upptökum og fyrirlestrum.



RANNÍS

